

Mánudaginn 9. apríl 1990.

Nr. 75/1989.

Jóhann Axel Geirsson

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Einari Reyni Finnbogasyni f.h.

Réttingaverkstæðisins Reynis

(Einar Reynir Finnbogason).

Verklaun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, en stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Viðgerð stefnda á bifreið áfrýjanda var framkvæmd með réttingu og lagfæringu án aðkeypra varahluta, en bifreiðin var af fremur sjaldgæfri tegund og nokkurra ára gömul. Er reikningur stefnda fyrir verkið eingöngu vegna vinnu og viðgerðarefnis. Áfrýjandi vefengir ekki, að verkið hafi verið vel af hendi leyst, og hefur ekki leitt líkur að því með mati eða samanburðartilboði, að reikningur stefnda sé úr hófi.

Vinnuveitandi áfrýjanda flutti bifreiðina með honum til stefnda, og kunningi áfrýjanda ók honum til stefnda til að sækja hana að viðgerð lokinni. Hafa þeir borið um viðskiptin hvor að sínu leyti, eins og greint er í héraðsdómi. Stefndi viðurkennir að hafa áætlað viðgerðarkostnaðinn lægri en hann varð, þegar hann tók við bifreiðinni, en neitar því staðfastlega að hafa gefið áfrýjanda bindandi verktílböð, enda ekki getað komið við tæmandi skoðun á skemmdunum. Áfrýjandi hefur ekki getað lagt fram fullnaðarkvittun eða aðra skýra sönnun þess, að stefndi hafi tekið við endanlegri greiðslu frá honum. Með tilliti til ákvæða 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausa-fjárkaup og allra atvika málsins ber að fallast á kröfu stefnda um

greiðslu á eftirstöðvum reiknings hans fyrir viðgerðina, og er hinn áfrýjaði dómur staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti mega falla niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Réttingaverkstæðinu Reyni, nnr. 7312-7092, Laugarnesvegi 60, Reykjavík, gegn Jóhanni Axel Geirssyni, nnr. 4967-1741, áður til heimilis að Steinum IV, Rangárvallasýslu, en nú búsettum að Blika-hólum 4, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 10. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.963,75 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða þeim hæstu dráttarvöxtum, sem gilda á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, frá 1. maí 1986 til greiðsludags og til greiðslu máls-kostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða stefnda máls-kostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati réttarins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 23. september sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 18. nóvember sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum og málsástæðum svo, að hann reki réttinga-verkstæði og taki að sér að lagfæra bifreiðar, sem m.a. hafi lent í tjóni. Þannig hafi hann tekið að sér samkvæmt beiðni stefnda að lagfæra bifreið hans, L-2315, Triumph TR-7, árgerð 1977, sem hafði lent í umferðar-óhappi, Bifreiðin hafi verið töluvert löskuð, og hafi drjúgur tími farið í að gera við hana. Að viðgerð lokinni hafi stefndi greitt kr. 30.000 upp í verkið og hafi fengið bifreiðina afhenta. Hinn 9. apríl 1986 hafi stefnandi útbúið reikning á hendur stefnda vegna verksins. Að frádreginni innborgun stefnda hljóði reikningurinn upp á kr. 30.963,75. Stefndi hafi ekki viljað

fallast á reikninginn og telji sig hafa greitt stefnanda að fullu fyrir verkið með innborgun sinni. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hafi stefndi ekki fengist til að greiða, og sé því gripið til málsóknar þessarar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi að fullu fengið greitt fyrir þá vinnu og það efni, sem hann hafi látið í té, samkvæmt fyrir fram umsaminni þóknun. Ljóst sé af gögnum málsins, að sýkna beri. stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu og dæma stefnda riflegan málskostnað vegna óþarfa-málaþrætu stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi m.a. til laga um samningagerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936.

Aðilar málsins, Einar Reynir Finnbogason og Jóhann Axel Geirsson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi í þessu máli svo og vitnin Bjarni Bæring Bjarnason og Björn Þór Björnsson.

III.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um reikningskröfu stefnanda vegna viðgerðar á bifreið stefnda, L-2315, svo sem fram er komið.

Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér eftirstöðvar viðgerðarkostnaðar, kr. 30.963,75, en stefndi kveðst hafa fullgreitt fyrir viðgerðina með kr. 30.000, svo sem umsamið hafi verið. Ber aðilum mjög á milli um þetta atriði.

Fyrir liggur í málinu yfirlýsing frá vitninu Bjarna Bæring Bjarnasyni, dags. 11. janúar 1988, fyrrum vinnuveitanda stefnda, þar sem fram kemur, að aðilar máls þessa hafi samið um, að heildarviðgerð fyrir verkið yrði kr. 30.000.

Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá vitninu Birni Þór Björnssyni, dags. 12. janúar 1988, kunningja stefnda, þar sem fram kemur, að stefndi hafi greitt Einari Reyni Finnbogasyni kr. 30.000 sem fullnaðargreiðslu vegna viðgerðar á bifreið stefnda.

Yfirlýsingar þessar hafa greind vitni staðfest fyrir dómi.

Þar sem verulegur ágreiningur er með aðilum um málsatvik að þessu leyti og þar sem greind vitni bera ekki um staðreynd, er þau hafa samtímis skynjað, auk þess sem nokkurs innbyrðis ósamræmis gætir í framburði þeirra og stefnda, verður ekki talið með vísan til 129. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að fram sé komin full sönnun þess, að samið hafi verið um fast verð fyrir viðgerðina, svo sem stefndi heldur fram. Ber því að fallast á reikningskröfu stefnanda, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, og taka til greina stefnukröfu hans um ógreiddar eftirstöðvar með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jóhann Axel Geirsson, greiði stefnanda, Réttingaverkstæðinu Reyni, kr. 30.963,75 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1986 til 10. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
